

28. gr.

68

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

5. maí

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð nr. 36 20. febrúar 1946, um jarðræktarsamþykktir, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 5. maí 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

VIÐAUKI

69

við reglugerð nr. 34 15. febr. 1946, um eyðingu refa í Strandasýslu.

11. maí

Fari grenjavinnslukostnaður fram úr kr. 50.00 á hvern búanda í hreppi, greiðir sýslusjóður helming af því, sem umfram er þá upphæð, þó aldrei yfir kr. 1000.00 í einstakan hrepp á ári.

Skal hlutaðeigandi hreppsnefndaroddviti senda oddvita sýslunefndar fullnægjandi greinargerð um grenjavinnslukostnaðinn í sínum hreppi í lok reikningsár, og greiðir oddviti sýslunefndar þá úr sýslusjóði þann hluta kostnaðarins, sem sýslusjóði ber að greiða samkv. framanrituðu.

Viðauki þessi, sem sýslunefnd Strandasýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 108 11. ágúst 1933, um refaveiðar, til að öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 11. maí 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Halldórs Kristins 70 Haraldssonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 12. maí 12. maí 1948.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Halldórs Kristins Haraldssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Halldórs Kristins Haraldssonar.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnilega Svarfdælinga til búnaðarnáms.